

Samþykkt um handleiðslu

Gerð er tillaga um að stjórn KÍ vinni að því á næsta kjörtímabili að faghandleiðsla standi félagsmönnum til boða. Skoða skal hver sé eðlileg aðkoma vinnuveitenda að slíkri sérfræðiaðstoð, skv. lögum og reglugerðum, námskrám og kjarasamningum og leita eftir samstarfi þeirra eftir því sem við á.

Greinargerð:

Ljóst er að þær aðstæður sem skólar og starfsfólk þeirra standa nú frammi fyrir eru afar erfiðar. Niðurskurður í menntamálum bitnar á skólastarfinu í heild. Faglegum úrræðum hefur fækkað í kjölfar niðurskurðar. Mikilvægt að leita allra leiða til að tryggja að félagsmönnum standi til boða fagleg aðstoð og ráðgjöf, þar sem unnið er markvisst að því að leysa vandamál og efla einstaklinga til að takast á við krefjandi viðfangsefni.

Með því að koma starfstengdri handleiðslu inn í skólana er hægt að veita leiðsögn í þeim aðstæðum sem glímt er við og nýta þá reynslu sem fyrir er. Hægt er að koma af stað handleiðsluhópum í skólum sem starfa eftir ákveðnum reglum og undir stjórn þess sem hefur faglega þekkingu á handleiðslu. Þetta er kostnaðarlítill leið til að bjóða stærri hópum ráðgjöf þar sem að margir, jafnvel allir, á vinnustaðnum njóta góðs af.

Samkvæmt rannsóknum er handleiðsla í starfi talin mjög árangursrík aðferð m.a. til starfsþróunar, til að efla sjálfstraust í starfi og bæta samskipti á vinnustað.

Ástæður þess að fagfólk fer í handleiðslu geta til dæmis verið:

- að byggja upp og styrkja fagímynd ásamt faglegri þróun,
- að bæta skipulag til að komast yfir verkefni dagsins og fyrirbyggja streitu,
- að skilja betur eigin viðbrögð og líðan í starfsumhverfi,
- að bæta verklag og fagleg vinnubrögð ásamt skýrari markmiðssetningu,
- að skilgreina óánægju í starfi og finna nýjar áherslur,
- að auka samskiptafærni.

Vinnuumhverfisnefnd hefur unnið að því að koma hugmyndum um handleiðslu á framfæri við fráfarandi stjórn KÍ og hefur stjórnin þegar fjallað um þær. Nefndin telur afar mikilvægt að ný stjórn KÍ fyrir kjörtímabilið 2011-2013 vinni áfram þar sem frá var horfið að þessu mikilvæga máli.